



GILJASKÓLI

# Námsmat í Giljaskóla

Byggt á aðalnámskrá grunnskóla,  
kenningum Carol Dweck um Mindset,  
heilarannsóknum o.fl.

Jón Baldvin Hannesson, 2011

Ég fékk C  
fyrir  
víravirkið  
mitt !?



Hvernig getur  
maður fengið C  
fyrir víravirki?

Má ég  
koma með  
spurningu?



Er víravirkið  
mitt dæmt  
sem víra-  
virki?



Er það ekki  
bara tíminn  
einn sem  
getur skorið  
úr um gildi  
listaverks?

Eða var ég  
metin eftir  
hæfileikum  
mínum?



Þá er ég  
dæmd á  
grundvelli  
þess sem ég  
ræð engu  
um!

Ef ég var  
dæmd fyrir  
hversu vel  
ég lagði mig  
fram.



Þá er matið  
ósannjarnt  
því að ég  
reyndi mitt  
besta!

Var ég metin eftir því hvað ég hafði lært um viðfangsefnið? Ættir þú kennari þá ekki að fá C eins og ég...



fyrir frammistöðu þína við að miðla þekkingu til mín?

Eða var ég kannski metin samkvæmt gæðum efnisins sem ég bjó verkið úr?



Er það ekki einnig óréttlátt?

Á að dæma mig eftir gæðum járnherðatrésins sem hreinsunin notar fyrir fötin okkar?



Er það ekki á ábyrgð foreldra minna?

Ættu þeir ekki að fá sinn skerf af C-inu mínu?

Láti maður í sér heyra er meira tillit tekið til manns.



Hjólið sem ískrar fær alla smurninguna!

# Góður skóli = góð menntun

Skilvirkni skóla snýst um fjölmargt annað en hámarks árangur í bóklegu námi:

- **Að læra og njóta þess að læra;**
- **styrking sjálfsmyndar;**
- **persónuþroski;**
- **lífsleikni;**
- **lausnaleit;**
- **að læra námstækni;**
- **sjálfstæð hugsun;**
- **öryggi í framkomu;**
- **traust gildismat.**

Allt skiptir þetta jafn miklu eða meira máli þegar skilvirkni skóla og velgengni er metin. McGaw et al. (1992:174)

**Margir þessara þátta hafa ekki ratað inn í námsmat!**

# Four pillars of education - UNESCO 1995

Fjórar stoðir menntunar í skólum 21. aldar

- Learning to live together / félagslegur þroski
- Learning to know / þekking
- Learning to do / virkni
- Learning to be / siðferðilegur styrkur

UNESCO (1995). Learning: the treasure within

[http://www.unesco.org/delors/delors\\_e.pdf](http://www.unesco.org/delors/delors_e.pdf)

# GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI

Sú menntastefna sem birt er í nýrri aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun.

**Önnur mikilvæg nýjung er áhersla á lykilhæfni – þá hæfni sem einkennir góðan námsmann.**

# Lykilhæfni góðs námsmanns

## Viðhorf – Vinnubrögð – Viðmót


- Viðhorf til:
  - Sjálfs sín (sjálfsmynd)
  - Annarra
  - Náms
  - Vinnubrögða
  - Greindar / hæfni

**Er greind fasti?  
Er greind breytanleg?**

# [www.bbc.co.uk/news](http://www.bbc.co.uk/news)


Nýjar rannsóknir benda til að greindarvísitala geti breyst á unglingsárum. Gert var greindarpróf á fjórtán ára unglingum og þeir prófaðir aftur fjórum árum síðar. Sumir stóðu sig betur meðan aðrir komu verr út á seinna prófinu. Áður var haldið greindarvísitala héldist stöðug út lífið en svo virðist ekki vera.





Research about intelligence and motivation.

# Two mindsets



# Eykur trú á eigin greind sjálfstraust og þar með árangur?

Á vissan hátt virðist rökrétt að álykta sem svo að nemendur sem hafa trú á eigin greind, trúi að þeir séu klárir, þurfi ekki að óttast áskoranir og mistök. En margir af þeim sem mest sjálfstraust hafa vilja alls ekki lenda í þeim aðstæðum að ráða ekki við verkefni því það getur skapað efasemdir og dregið þar með úr sjálfstraustinu.

*(Henderson & Dweck, 1990; Dweck & Lin, 1998)*

# Hvers konar hvatning virkar best?

„Eftir sjö rannsóknir á mörg hundruð börnum fengum við einhverjar skýrustu niðurstöður sem ég hef nokkurn tíma séð:



**Að hrósa börnum fyrir greind sína skemmir áhugahvöt þeirra og dregur úr árangri.“**

- Carol Dweck

# Tilraunir á nemendum

- Lögð voru fyrir nemendur viðfangsefni með stigvaxandi erfiðleikastuðli
- Nemendum hrósað á ólíkan hátt:
  - Fyrir greind
  - Fyrir dugnað/þrautseigju
  - Hlutlaust
- Nemendur beðnir að skýra slakari árangur
- Nemendur látnir velja verkefni (létt, erfið...)

Standard Progressive Matrices (Raven, 1976)



# Dæmi um hrós í rannsókn

## **Hrósað fyrir greind (fixed mindset) :**



„Vá, þetta er flott einkunn. Þú ert aldeilis góður í þessu.“

## **Hrósað fyrir dugnað (growth mindset) :**

„Vá, þetta er flott einkunn. Þú hefur virkilega lagt þig fram.“

**Viðmiðunarhópur:** „Vá, þetta er flott einkunn.“

3.





# Tilraunir á nemendum

- Lögð fyrir nemendur viðfangsefni með stigvaxandi erfiðleikastuðli
- Nemendum hrósað á ólíkan hátt:
  - Fyrir greind
  - Fyrir dugnað/þrautseigju
  - Hlutlaust
- Nemendur beðnir að skýra slakari árangur
- Nemendur látnir velja verkefni (létt, erfið...)


[http://www.youtube.com/watch?v=TTXrV0\\_3UjY](http://www.youtube.com/watch?v=TTXrV0_3UjY)

# Að hrósa fyrir greind – bætir það sjálfstraust og þar með árangur?

Þetta er mjög útbreidd skoðun í samfélaginu. Maður heyrir foreldra ítrekað segja börnum sínum hvað þau séu gáfuð og vel gerð. Þeir vona að slíkt hrós efli sjálfstraust og laði þannig fram ýmsa æskilega eiginleika. Þess í stað leiðir slíkt hrós til ótta við að mistakast, barnið forðast að taka áhættu og efast um sjálft sig þegar því mistekst eitthvað.

(Mueller & Dweck, 1998)

# Fjöldi leystra viðfangsefna



# Sjö rannsóknir á börnum

	Hrósað fyrir <b>DUGNAÐ</b>	Hrósað fyrir <b>HÆFILEIKA</b>
Markmið	90% settu sér námsmarkmið	66% settu sér árangursmarkmið
Ánægja	viðvarandi	minnkaði
Þrautseigja	viðvarandi	minnkaði
Árangur	jókst	minnkaði
Laug til um árangur	Einn einstaklingur	40% barna

## ***Growth Mindset***



## ***Fixed Mindset***

Greind getur aukist/styrkst

Dugnaður eykur velgengni

Hæfni leiðir til velgengni

Greind er föst stærð

Þegar ég reyni á mig verð ég klárari

Ég verð að trúa á sjálfa(n) mig

Ég þarf að sýnast klár/skynsöm

Ég vil ekki taka áhættu og sýna veikleika mína

Vulgengni er að setja sér markmið og vinna að þeim

Í andstreymi þarf að sýna þrautseigju

Í andstreymi gefst maður upp, dæmið er vonlaust

Vulgengni er að ná meiri árangri en hinir

Ég vil gjarnan fá ráð/endurgjöf

Ég vil síður fá ráð/endurgjöf

# Viðhorf til greindar


- Fullorðnir voru spurðir hvernig þeir héldu að eigin greind væri samsett, hve mikið væri hægt að þroska/bæta hana og hve mikið hún byggðist á meðfæddum hæfileikum

Greind = \_\_\_\_ % dugnaður + \_\_\_\_ % hæfileikar

- Fixed mindset = 35% dugnaður + 65% hæfileikar
- Growth mindset = 65% dugnaður + 35% hæfileikar



Hvernig vinnur heilinn  
og getum við haft  
áhrif á getu hans?



## You Can Grow Your Intelligence

*New Research Shows the Brain  
Can Be Developed Like a Muscle*

Many people think of the brain as a mystery. They don't know much about intelligence and how it works. When they do think about what intelligence is, many people believe that a person is born either smart, average, or dumb—and stays that way for life.

But new research shows that the brain is more like a muscle--it changes and gets stronger when you use it. And scientists have been able to show just how the brain grows and gets stronger when you learn.

Everyone knows that when you lift weights, your muscles get bigger and you get stronger. A person who can't lift 20 pounds when they start exercising can get strong enough to lift 100 pounds after working out for a long time. That's because the muscles become larger and stronger with exercise. And when you stop exercising, the muscles shrink and you get weaker. That's why people say "Use it or lose it!"

But most people don't know that when they practice and learn new things, parts of their brain change and get larger a lot like muscles do when they exercise.




Inside the cortex of the brain are billions of tiny nerve cells, called neurons. The nerve cells have branches connecting them to other cells in a complicated network. Communication between these brain cells is what allows us to think and solve problems.



- Heilinn er samsettur af frumum (neurons) sem sérhæfa sig (hljóð, tal, hreyfing, minni...)
- 10 – 1000 milljarðar fruma
- Hver heilafruma hefur allt að 10.000.000.000.000.000.000.000.000.000 tengimöguleika!

Ef við margfölduðum allar mögulegar tengingar fruma og settum fram í tölu myndi fjöldi núlla vera ca. 10.500.000 km. langur.









Þúsundir nýrra tenginga milli heilafruma myndast á hverjum degi í fullorðnum einstaklingi, sérstaklega á svæði sem kallast hippocampus og sér um nám og minni. Innan nokkurra vikna eru flestar þessara tenginga ónýtar, NEMA einstaklingurinn nýti þær og læri eitthvað nýtt.

Nám, sérstaklega það sem reynir verulega á, getur haldið lífinu í þessum tengingum. Þótt flestar heilafrumur virðist ekki nauðsynlegar fyrir margvíslegar tegundir náms geta þær skipt máli fyrir framtíðina. Með nýtingu þeirra getur t.d. dregið úr margvíslegri hrörnun heilans og heilastarfseminnar.





**Dr. Mark Rosenweig:**

**“Þótt heili þinn yrði fyrir áreiti 10 hluta á hverri sekúndu (hver hluti gæti t.d. verið orð eða mynd) í eitt hundrað ár samfelld myndi hann samt aðeins hafa notað minna en einn tíunda af geymsluplássinu sem hann býr yfir.”**


# Taugavísindi hafa sýnt að:

- Rottur í örvandi umhverfi hafa allt að 10% stærri heila en þær sem eru í einhæfu og leiðigjörnu umhverfi
- Leigubílstjórar þroska stærra svæði í heilanum sem fæst við rými og þrívídd – the hippocampus – en annað fólk.
- Tónlistarmenn hafa þróa með æfingunni stærra “hljóðsvæði”- auditory cortex – en aðrir.



Nám er áreynsla, að glíma við eitthvað nýtt.

Það eykur vöxt/tengingar heilafruma.



Því meira sem við lærum því fleiri verða  
Tengingarnar og jafnframt eykst greindin.

# Dagatalspæling...



Hvaða vikudagur er dagurinn sem er daginn eftir daginn eftir morgundaginn ef dagurinn fyrir daginn fyrir gærdaginn var miðvikudagur?

# Skólastofan

Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir  
námsskipulag og vinnubrögð?



# Skilvirkt námsskipulag – fjórar víddir

- Virkni
- Samstarf
- Nemendamiðað
- Nám vs. kennsla



# Kennsla $\Leftrightarrow$ Nám





# Chief Inspector of Schools, UK

*“The fact is, there continues to be too much teaching that’s dull, that’s uninspiring and it makes it harder for pupils to learn.”*

*“No one in England knows better than I do what learning by swallowing means. I inspected elementary schools for nearly six years and during the whole of that time learning by doing was the very rare exception and learning by swallowing was the almost universal rule.”*

# Uppgötvunarnám - rannsóknir

- Laðið fram spurningar og fagnið þeim
- Kennið spurningatækni og sýnið dæmi um góðar spurningar
- Þjálfði athyglisgáfu/eftirtekt
- Látið nemendur eiga spurningarnar
- Vekið löngun til náms
- Komið á samfélagi námsmanna (community of learners)
- Veljið bestu spurningu dagsins
- Leitið að spurningum í blöðum/tímaritum og skráið á töflu
- Notið leiki
- Komið með torkennilegan hlut og ... (lýsa, giska á notkun... sbr. verkefni Ingu Dísar sem kynnt var í fyrra)

# Efling þrautseigju

- Vekið athygli á og fagnið þrautseigju (sem nemendur sýna)
- Sýnið þrautseigju, verið þolinmóð
- Biðjið nemendur að finna þrautseiga einstaklinga með foreldrum sínum
- Látið einkunnir byggjast á þrautseigju
- Spyrjið hve mikla vinnu hefur þurft í verkefni og ...
- Ræðið um að þjálfar heilann líkt og vöðva
- Finnið aðstæður þar sem þrautseigja er mikilvæg
- Finnið dæmi um þrautseigju í blöðum/tímaritum/bíómyndum...
- Gerið erfið viðfangsefni/spurningar spennandi
- Kynnið hvernig auka má tengingar í heilanum.

# Leiðir sem virka vel:

1. Finna hvað er líkt og ólíkt með...
2. Taka saman aðalatriði og punkta
3. Hrósa fyrir seiglu, þrautseigju og framfarir
4. Búa til og nota myndræna framsetningu, t.d. hugtakakort (MindManager...)
5. Notaðu samvinnunám

## Leiðir sem virka vel (2):

6. Setja nemendum skýr markmið (kynna vel námsmarkmið)
7. Nota lýsandi endurgjöf í daglegu starfi
8. Setja fram og prófa kenningar um ...
9. Nota spurningar og vísbendingar

Marzano

# Umræða með nemendum

- Hvað hefurðu lært í dag?
- Við hvað þurftirðu að glíma?  
– (hvað reyndist erfitt?)
- Af hvaða mistökum lærðirðu?
- Hver var mesta áskorunin?
- Hvað þjálfaðirðu í dag?

# Tengsl við uppeldi til ábyrgðar?

- Glasser: Reality Therapy
  - Uppfylling þarfa stýrir hegðun –
    - öryggi, kærleikur, árangur, gleði, frelsi
  - Grunnurinn er þörfin fyrir að elska og vera elskaður, njóta virðingar og hafa sjálfsvirðingu
  - Við höfum öll sömu þarfir en erum misjafnlega fær um að uppfylla þær
    - Þeir sem eru illa færir um það, ýmist
      - Gera það á kostnað annarra
      - Uppfylla eigin þarfir einungis að hluta
  - Hvernig hjálpar þessi hegðun þér? (kjarnaspurning)

Uppeldi til ábyrgðar-uppbygging sjálfsaga

Grunnþarfirnar fimm





Fæði, klæði, húsaskjól, hvíld,  
hreyfing, heilsa, sparnaður,  
kynhneigð

- Vil að öðrum líki við mig
- Er háður foreldrum mínum
- Vinn fyrir kennarann
- Félagar skipta mig miklu
- Gaman í hópavinnu.

Tilheyra



- Vil hafa stjórnina
- Fylgist vel með áður en ég prófa nýtt
- Stressast ef mér mistekst
- Mjög skipulagður
- Þarf helst að vera best(ur).

Áhrif




Öryggi



Frelsi

- Vil hafa valmöguleika
- Þarf að vera á ferðinni
- Hef gaman af tilraunum
- Sama hvað öðrum finnst
- Prófa nýja spennandi hluti.



Gleði

- Verð að njóta vinnunnar
- Mikil einbeitning, ef gaman
- Safnari; gaman af spilum
- Brandarakarl, vil leika trúð
- Gaman, þrátt f. skammir.



# Fyrirmyndir

Leit að þekktum einstaklingum  
sem geta verið góðar fyrirmyndir

# Marzano: Það gera sér ekki allir grein fyrir mikilvægi þrautseigju

- Kennarar ættu að útskýra og koma með dæmi um mikilvægi dugnaðar/þrautseigju
- Látið nemendur ræða eigin reynslu af því að hafa þraukað í gegnum erfiðleika og síðan náð árangri
- Ræðið dæmi um slíka þrautseigju sem skilaði árangri
- *Finnið sögur af slíku*
- Safnið dæmum af frægu fólki sem ...


# Walt Disney

- Var rekinn frá dagblaði því hann fékk ekki nógu góðar hugmyndir
- Hann skapaði Mikka mús, Andrés önd, Disney kvikmynda-verið, Disneyland ofl.




# J K Rowling – höf. Harry Potter

- Lærði frönsku
- Var blönk einstæð móðir þegar hún fékk hugmyndina í lest, Manchester - London
- Skrifaði á kvöldin þegar færi gafst
- Fann umboðsmann í annarri tilraun
- Fyrstu bókinni var hafnað af mörgum útgefendum áður en hún var gefin út.




# Thomas Alva Edison

- Kennarar hans sögðu hann of heimskan til að geta lært
- Hann var sagður hafa gert 3.000 “mistök” við að framleiða fyrstu ljósaperuna
- Hann átti að lokum 1093 einkaleyfi



# Abraham Lincoln

- Mislukkaður í viðskiptum 1831
- Færður niður í tign í hernum 1832
- Féll á lögmansprófi 1832
- Mislukkaður í viðskiptum 1833
- Fékk taugaáfall 1836
- Féll í kosningum 1838, 1840 og í þingkosningum 1848
- Tapaði varaforsetakosningum 1856
- Féll í þingkosningum 1858
- Kjörinn forseti Bandaríkjanna 1860



“Þinn eigin ásetningur er mikilvægari undirstaða velgengni þinnar en nokkuð annað.”



# Helen Keller 1880 - 1968

- Bandarískur rithöfundur
- Baráttukona og fyrirlesari þrátt fyrir að vera bæði heyrnarlaus og blind
- Fyrsti daufblindi einstaklingurinn sem hlaut BA-háskólagráðu, 1904
- Barðist fyrir réttindum fatlaðra, einnig fyrir kosningarétti kvenna og rétti þeirra til fóstureyðinga
- Lærði að tala og einnig að hlusta á fólk með því að láta fingur snerta munn þess
- Goðsögn fyrir hvað hún náði langt þrátt fyrir fötlun sína
- Vinsæll fyrirlesari um allan heim.



Helen Keller, 1948, LAC-BAC, e010751651



# Winston Churchill




- Var sjálfstæður og uppreisnargjarn í skóla
- Hann var í neðsta bekk í getuskiptum árgangi, lélegasta hópnunum þar
- Stamaði og átti erfitt með að tala
- Þurfti að taka inngönguþróf í herinn þrisvar sinnum
- Varð forsætisráðherra Bretlands 1940
- Hélt frægar hvatningarræður í seinni heimstyrjöldinni og við lok hennar.


# Ludwig van Beethoven

- Kennari Beethovens kallaði hann vonlausan tónsmið
- Hann samdi 5 af sínum stórkostlegu sífóníum eftir að hann varð heyrnarlaus





## Ýmsir fleiri



...Kennari **Einsteins** sagði að hann væri ‘academically subnormal’

...Þjálfari **Michael Jordan's** sagði að hann hefði ekki meiri hæfileika en aðrir...

Sjálfur sagði hann:

“Ég hef skotið framhjá körfunni um 9000 sinnum á ferlinum. Ég hef tapað um 300 leikjum. Tuttugu og sex sinnum hef ég reynt að skora sigurkörfuna án þess að hitta. Mér hefur mistekist aftur og aftur allan ferilinn. Þess vegna hef ég náð árangri.”

# Spakmæli

Mesti árangurinn byggist ekki á því að mistakast aldrei, heldur að gefast aldrei upp. -Nelson Mandela

Stórvirki eru unnin af þrautseigju en ekki styrk. -Samuel Johnson

Sá er flytur fjall byrjar að bera steinvölur. -Kínverskt


Ég er ekki svo skynsamur, ég gefst bara ekki upp. -Albert Einstein

Bjartsýni og trú leiða til árangurs. Ekkert sprettur af rótum vonleysis og óöryggis. -Helen Keller

Demantur er kolabiti sem stóð sig vel undir pressu. -Ók. höf.

# Á Akureyri ná sárafáir nemendur afburðaárangri. Örfáir komast t.d. í efstu 25% í PISA rannsókninni 2009.

PISA 2009 – SKÓLAR HJÁ SKÓLADEILD AKUREYRAR  
LÆSI Á STÆRÐFRÆÐI



Klárustu krakkarnir okkar nýta ekki gáfur sínar og búa ekki til nógu margar nýjar tengingar í heilanum.

Þeir temja sér ekki þrautseigju og dugnað sem er eitt það mikilvægasta sem einstaklingur getur tileinkað sér.

Vegna þessa missa sumir tökin þegar kemur í framhaldsnám.

# NÁMSMATSSTEFNA GILJASKÓLA

Megintilgangur námsmats er að fylgjast með því hvernig sérhverjum nemanda tekst að ná námsmarkmiðum og örva hann til framfara.

Til þess þarf námsmat að vera órjúfanlegur hluti af daglegu starfi, einstaklingsmiðað, fjölbreytt, leiðsagnarmiðað og fela í sér sjálfsmat.

**Auk þekkingar, framfara, skilnings og leikni tekur námsmat til viðhorfa, viðmóts og vinnubragða.**

Niðurstöður skulu notaðar til að endurskoða markmið og starfshætti nemenda og kennara og veita auk þess foreldrum, viðtökuskólum og yfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar.

# LYKILHÆFNI OG NÁMSMAT

- Lykilhæfni-þættir eiga að vera almennt leiðarljós í allri menntun í grunnskóla, bæði formlegri og óformlegri, og í starfsháttum skóla.
- **Úr aðalnámskrá (bls. 24):**
- **Viðmið um námsmat í grunnskóla**
  - Í námsmati grunnskóla **skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og einnig lykilhæfni sem er sameiginleg öllum námssviðum.** Viðmið um hæfni nemenda og matskvarði eru útfærð í námskrám fyrir hvert námssvið og eiga við jafnt í bóklegu námi, verk- og listnámi.

# UM LYKILHÆFNI Í AÐALNÁMSKRÁ

- Tjá sig
- Nota þekkingu & leikni
- Miðla þekkingu & leikni
- Samræður – rökræður
- Frumkvæði
- Draga ályktanir
- Áræðni
- Gagnrýnin hugsun
- Vinna sjálfstætt og í samstarfi
- Nýta miðla á ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt
- Ábyrgð á eigin námi
- Leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu



# LYKILHÆFNI – MINDSET – UPPBYGGING

- Við tókum framangreinda lykilhæfni-þætti aðalnámskrár, bættum við þá áherslum sem dregnar eru frá nýjum rannsóknum um áhugahvöt og heilastarfsemi (t.d. Carol Dweck: Mindset), auk áherslna úr Uppbyggingu, Uppeldi til ábyrgðar, og felldum saman við námsmat.

## Skilgreiningar á lykilhæfni eftir stigum

A = Gerir sitt allra besta B = Gerir vel C = Leggur sig þokkalega fram D = Leggur sig lítið fram	Unglingastig	Miðstig	Yngsta stig
<b>ÁBYRGÐ</b>	Axlar ábyrgð á námi sínu, nýtir tímann vel og gerir sitt besta.	Axlar ábyrgð á námi sínu, nýtir tímann vel og gerir sitt besta.	Fylgir fyrirmælum og nýtir tímann vel 1.- 4. b
<b>ÞRAUTSEIGJA</b>	Sýnir þrautseigju og gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið og krefjandi.	Sýnir þrautseigju og gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið og krefjandi.	Gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið. 3.-4. b
<b>FRUMKVÆÐI OG ÁRÆÐNI</b>	Sýnir áræðni, þorir að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.	Sýnir áræðni, þorir að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.	
<b>SAMSKIPTI OG SAMSTARF</b>	Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Hlustar á aðra nemendur og virðir skoðanir þeirra. Er virkur í samstarfi. Tekur réttmætri gagnrýni.	Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Hlustar á aðra nemendur og virðir skoðanir þeirra. Er virkur í samstarfi. Tekur réttmætri gagnrýni.	Er jákvæður og kurteis og hlustar á aðra. Getur unnið með öðrum. 1.-4. b
<b>NÁMSVITUND</b>	Setur sér markmið. Býr til og fylgir áætlunum. Forgangsraðar og ætlar sér tíma til að ljúka verkefnum. Lærir af reynslunni og aðlagar skipulag og vinnubrögð til að ná betri árangri.	Metur á gagnrýninn hátt eigin vinnubrögð og árangur. Lærir af reynslunni og aðlagar skipulag og vinnubrögð til að ná betri árangri.	
<b>TJÁNING</b>	Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir skoðanir sínar, hugsanir og tilfinningar. Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega.	Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir sig skýrt og áheyrilega.  Miðlar þekkingu sinni og leikni.	Tjáir sig skýrt og áheyrilega.  4. b

Kvarði	Námssvið	Lykilhæfni
<p><b>A</b></p> <p>90-100%</p>	<p><b>Framúrskarandi</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>	<p><b>Framúrskarandi</b> hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.</p>
<p><b>B</b></p> <p>70-89%</p>	<p><b>Góð</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>	<p><b>Góð</b> hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.</p>
<p><b>C</b></p> <p>50-69%</p>	<p><b>Sæmileg</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>	<p><b>Sæmileg</b> hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.</p>
<p><b>D</b></p> <p>0-49%</p>	<p>Hæfni og frammistöðu í námi <b>ábótavant</b> með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>	<p>Hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni <b>ábótavant</b>.</p>



# Matstímabil

- Á fyrsta matstímabili er áherslan eingöngu á lykilhæfni. Sjálfsmat nem. og mat kennara.
- Á öðru matstímabili eru áherslur áfram á lykilhæfni en við bætist umfjöllun um hæfni innan námssviðs.
- Þriðja matstímabili lýkur með lokamati kennara á hæfni innan námssviðs og lokamati á stöðu í lykilhæfni.



Þýðingarmesta nám mannsins er sjálfsrækt þess sem í honum býr. Að leiðbeina við þá sjálfsrækt er þýðingarmesta hlutverk skólanna. Sigurjón Friðjónsson, 1929z